

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 27. apríl 2026

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í menningarhúsinu Hofi á Akureyri mánudaginn 27. apríl 2026 og hófst hann klukkan 14:00. Á fundinn mættu 83 einstaklingar fyrir utan starfs- og tæknifólk. Mættir voru 61 fulltrúar aðildarféлага og 14 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum. Þá mættu einnig 8 almennir sjóðfélagar á fundinn.

Björn Snæbjörnsson, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn og lagði svo til að Aðalsteinn Árni Baldursson yrði fundarstjóri og að Einar Ingimundarson yrði fundarritari og samþykkti fundurinn þá tillögu. Aðalsteinn steig því næst í pontu og tók við stjórn fundarins. Fundarstóri þakkaði traustið fyrir sína hönd og undirritaðs fundarritara. Því næst fór fundarstjóri yfir lögmæti og boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um þá þætti. Engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur. Fundarstjóri minnti einnig á réttindi fundarmanna á fundinum, málfrelsi, tillögurétt ofl.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Stjórnarkjóri lýst
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál

Eftir að hafa kynnt dagskrána bauð fundarstjóri Björn Snæbjörnsson formann stjórnar velkominn í pontu til af fara yfir skýrslu stjórnar.

2.. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat

Skýrsla stjórnar

Björn Snæbjörnsson formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2025.

Í skýrslunni kom fram að árið 2025 hafi einkennst af traustum rekstri og áframhaldandi vexti Stapa þrátt fyrir krefjandi markaðsaðstæður og lakari ávöxtun en árið áður. Hrein eign tryggingadeildar hækkaði um 7% og nam 462 milljörðum króna í árslok, en í árslok voru sjóðfélagar sjóðsins yfir 100.000 talsins. Á árinu greiddu tæplega 17.000 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins sem námu tæplega 21 milljarði króna. Lífeyrisgreiðslur hækkuðu í takt við fjölgun lífeyrisþega og hærri meðallífeyri nýrra lífeyrisþega og námu tæpum 14 milljörðum króna. Þá var rekstrarkostnaður áfram hóflegur eða um 0,14% af meðalstöðu eigna sjóðsins, sem er í samræmi við hlutfall mun stærri sjóða.

Í ávarpi sínu vék stjórnarformaður einnig að sérstöðu réttindakerfis Stapa og sveigjanleika þess, öfundsverðri tryggingafræðilegri stöðu, vexti í veitingum sjóðfélagalána, hugmyndum um endurskoðun á fyrirkomulagi örorkulífeyris, tilgreindrar séreignar o.fl.

Í skýrslunni kom fram að á starfsárinu fundaði stjórn Stapa 14 sinnum, þar af einu sinni á sérstökum vinnufundi vegna mótunar fjárfestingarstefnu.

Að lokinni yfirferð sinni flutti stjórnarformaður, fyrir hönd stjórnar, sjóðfélögum, starfsfólki og öðrum hagaðilum bestu þakkir fyrir gott starf og ánægjulegt samstarf á tímabilinu.

Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri steig nú í pontu og kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans. Áður en Jóhann hóf yfirferð sína gat hann þess að ársskýrsla sjóðsins væri ekki gefin út á pappírformi nú frekar en síðustu ár heldur einungis rafrænt á sérstökum ársskýrsluvef. Framkvæmdastjóri gerði sérstaka grein fyrir eftirfarandi lykiltölum úr ársreikningi:

- Iðgjöld ársins 2025 voru 21.152 milljónir króna.
- Greiddur lífeyrir nam 13.685 milljónum króna á árinu.
- Fjárfestingartekjur ársins voru 24.781 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður nam 690 milljónum króna og hækkaði hann um 13% milli ára. Skýringa á þeirri hækkun er einkum að leita í fjölgun stöðugilda, samningsbundnum launahækkunum og upplýsingatæknikostnaði vegna aðlögunar að nýjum reglum vegna stafræns viðnámsþróttar .
- Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2025 var 462.225 milljónir króna og hækkaði um 7% á milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust með eftirfarandi hætti:
 - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 259.788 milljónir króna.
 - Skuldabréf 188.562 milljónir króna.
 - Bundnar bankainnistæður 169 milljónir króna.
 - Kröfur 2.222 milljónir króna.
 - Varanlegir rekstrarfjármunir 234 milljónir króna.
 - Handbært fé 11.249 milljónir króna.
 - Skuldir í árslok voru 144 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór sérstaklega yfir mismundandi deildir Stapa þar sem tryggingadeild er langstærst eða 98% af heildareignum. Í umfjöllun um iðgjöld til tryggingadeildar fór framkvæmdastjóri sérstaklega yfir ríkisföng erlendra sjóðfélaga en þar eru Pólverjar algegnastir. Þá sýndi hann einnig áhugaverða mynd af landsvæðaskiptingu iðgjalda.

Líkt og á ársfundi á síðasta ári gerði framkvæmdastjóri grein fyrir ásókn sölumanna erlendra líftryggingafélaga í tilgreinda séreign. Þessir aðilar viðhafa að mati framkvæmdastjóra vafasamar aðferðir við markaðssetningu og taka mjög háar þóknanir.

Tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri kynnti þessu næst tryggingafræðilegt mat, sem unnið var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Niðurstaða matsins er sú að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 4,1% sem er það hæsta meðal íslenskra lífeyrissjóða. Þessa góðu stöðu má að miklu leyti þakka einstöku réttindakerfi Stapa sem tekið var upp 2016.

Þessu næst fór framkvæmdastjóri nokkuð ítarlega yfir hugmyndir sem fram hafa komið á vettvangi aðila vinnumarkaðarins um breytingar á fyrirkomulagi örorkulífeyris. Hugmyndirnar ganga út á að stemma

stigu við víxlverkun milli lífeyrissjóða og almannatrygginga, minnka mismunun milli lífeyrissjóða vegna mismunandi þungrar örorkubyrði milli mismunandi sjóða og að bæta og flýta endurhæfingarúrræðum.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust. Hann gat þess að reikningurinn væri lagður fram til kynningar og umræðu ekki til eiginlegrar samþykktar líkt áður tíðkaðist.

Tveir fundarmenn báru upp erindi/spurningu

- Anna Júlíusdóttir spurði út í það hvort nýta eigi góða tryggingafræðilegu stöðu til að hækka greiðslur. Framkvæmdastjóri kvað það ekki hafa standa til á þessum tímapunkti þó vissulega sé nokkurt svigrúm til staðar. Hann gat þess að töluverð óvissa væri í efnahagsmálum og það væri að hans mati betra að eiga borð fyrir báru ef mál þróast ekki með hagfelldum hætti.
- Fundarstjóri (Aðalsteinn Árni Baldursson) spurði út í það hvort háar upphæðir hefðu safnast upp frá útlendingum sem hugsanlega vita ekki um réttindi sín og hvort sjóðurinn væri að gera eitthvað til að koma upplýsingum til slíkra aðila svo þeir geti nýtt réttindi sín. Framkvæmdastjóri kvað sjóðinn hafa metnað til að tryggja að allir sjóðfélagar geti nýtt réttindi sín og að meiri áhersla verði lögð á þetta á komandi misserum.

Ekki bárust fleiri spurningar frá fundargestum varðandi ársreikning, skýrslu stjórnar eða tryggingafræðilega matið og skipti fundarstjóri því í næsta dagskrárlið og bauð Óla Þór Birgisson (ÓPB), forstöðumann eignastýringarviðs, velkominn á svið.

3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Í kynningu sinni fór Óli Þór yfir ávöxtun sjóðsins á árinu 2025 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingarstefnu, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins.

Í ljósi þess að nokkuð er liðið á árið 2026 gerði hann einnig grein fyrir ávöxtun og þróun eignasamsetningar fyrstu fjóra mánuði þessa árs. Árið 2024 var sjóðnum fremur þungt í skauti og var nafnávöxtun ársins jákvæð um tæp 5,7%. Árið 2026 fór nokkuð vel af stað en svo hófst stríð í miðausturlöndum sem hefur haft mjög neikvæð áhrif. Nafnávöxtun fyrstu fjögurra mánaða ársins er þó jákvæð um 1,8%.

Að lokinni kynningu á fjárfestingarstefnu gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingarstefna.

Ekki komu spurningar úr sal og var því farið í næsta dagskrárlið.

4. Hluthafastefna sjóðsins

Þessu næst gerði framkvæmdastjóri stuttlega grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og framkvæmd hennar. Segja má að þessi stefna sé tvíþætt, annars vegar hluthafastefna sem tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi í þeim félögum sem fjárfest hefur verið í og hins vegar stefna um ábyrgar fjárfestingar sem tilgreinir ramma um framkvæmd ábyrga fjárfestinga sjóðsins.

Að lokinni yfirferð á hluthafastefnu var opnað fyrir spurningar á ný en engar bárust.

5. Skipan stjórnar

Fundarstjóri gerði næst grein fyrir niðurstöðu vals fulltrúaráðs á stjórnarmönnum Stapa og varamönnum fyrir næsta starfsár.

Stjórn Stapa 2026-2027 er þannig skipuð:

Frá atvinnurekendum

- Elsa Björg Pétursdóttir (til 2027)
- Kristinn Kristófersson (til 2027)
- **Guðrún Ingólfssdóttir (til 2028)**
- **Tryggvi Þór Haraldsson (til 2028)**

Frá launþegum

- Björn Snæbjörnsson (til 2027)
- **Ásdís Sigurjónsdóttir (til 2027)**
- **Guðný Hrund Karlsdóttir (til 2028)**
- **Þórarinn Sverrisson (til 2028)**

Varamenn í stjórn Stapa eru eftirtaldir:

Frá atvinnurekendum

- Erla Jónsdóttir (til 2027)
- Páll Snorrason (til 2028)

Frá launþegum

- Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir (til 2027)
- Birkir Snær Guðjónsson (til 2028)

6. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrirtæki sjóðsins á árinu 2026. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

7. Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að Ragna Hrund Hjartardóttir verði kosin sem utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd Stapa. Ragna hefur setið í nefndinni síðustu ár og er formaður hennar. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

8. Starfskjarastefna

Jóhann Steinar, framkvæmdastjóri, kynnti starfskjarastefnu Stapa fyrir ársfundinum. Stefnan er óbreytt frá fyrra ári.

Að lokinni kynningu framkvæmdastjóra á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust en ekki bárust fyrirspurnir.

Starfskjarastefna samþykkt samhljóða.

9. Laun stjórnar og nefnda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu nefndar um laun stjórnar fyrir næsta starfsár. Tillaga nefndarinnar er að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki um 3,5% á milli árunna 2025 og 2026.

Við mat á hækkunum var tekið mið af forsendum kjarasamninga, ábyrgð og umfangi starfa viðkomandi aðila og samanburði við laun sambærilegra nefnda og stjórna annarra lífeyrissjóða

Miðað við framangreinda tillögu verði laun stjórnarmanna eftirfarandi:

- Laun stjórnarmanns: 97.530 kr. pr. mán og 65.019 kr. pr. mætingu á fund
- Formaður stjórnar: 195.059 kr. pr. mán og 130.039 kr. pr. mætingu á fund
- Varaformaður stjórnar: 146.293 kr. pr. mán og 97.530 kr. pr. mætingu á fund
- Varamaður í stjórn: 81.273 kr. pr. mætingu á fund

Þá verði laun nefndarmanna eftirfarandi:

- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 61.095 kr. á mánuði.
- Formaður endurskoðunarnefndar 122.169 kr. á mánuði.
- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 162.547 kr. fyrir starfsárið.
- Formaður nefndar um laun stjórnar 243.821 kr. fyrir starfsárið.

Eftir að fundarstjóri hafði kynnt tillöguna gaf hann orðið laust um hana og bærust engar athugasemdir og hún því samþykkt.

10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar.

Kynnt var tillaga að skipan fjögurra manna nefndar um laun stjórnar starfsárið 2026 - 2027. Tillagan gerir ráð fyrir að frá launþegum komi Tryggvi Jóhannsson og Ósk Helgadóttir en frá atvinnurekendum komi stjórnarformaður Stapa og Geir Kristinn Aðalsteinsson. Engar aðrar tillögur hafa komið fram og er því sjálfkjörið í nefndina.

11. Önnur mál

Fundarstjóri gat þess að engar tillögur eða mál hafi verið lögð fram til að ræða undir þessum lið en hann gaf orðið laust ef einhver fundarmaður vildi bera upp erindi eða koma einhverjum athugasemdum á framfæri við fundinn. Enginn fundarmaður bað um orðið og fundarstjóri þakkaði starfsmönnum Stapa því næst fyrir vel unnin störf í þágu sjóðsfélaga og bar svo upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það. Bauð hann síðan fráfarandi formanni stjórnar í pontu á ný til að slíta fundi. Formaður kom upp og þakkaði fundargestum fyrir komuna og fundarstjóra fyrir röggsama fundarstjórn og góðan fund og starfsmönnum fyrir góð fundagögn og yfirferð. Að svo búnu sleit formaður fundi kl. 15:33.

Fundarstjóri:

Aðalsteinn Árni Baldursson

Fundarritari:

Einar Ingimundarson

Undirritunarsíða

Fundarritari
Einar Ingimundarson

Fundarstjóri
Aðalsteinn Árni Baldursson